

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.

#### 1. gr.

3. mgr. 19. gr. orðist svo: Skipstjórar fiskiskipa sem halda til úthafsækjuveiða á Dohrbanka, sbr. 2. mgr. 4. gr., skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær þær hefjast og hvenær þeim lýkur. Ef haldið er til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands skal, þegar haldið er úr höfn, tilkynna Fiskistofu hvar fyrirhugað sé að stunda veiðar. Þá skal tilkynna hvenær veiðar hefjast og hvenær þeim lýkur, nema annað sé ákveðið í sérstökum reglugerðum um viðkomandi veiðar. Í tilkynningunni komi fram, eftir því sem við á, áætlaður afli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 31. mars 1999.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Snorri Rúnar Pálmason.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Egilsstöðum.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Austur-Héraðs og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður á Egilsstöðum:

Í íbúðahverfum er bannað að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendiferðabifreiðum og fólksflutningabifreiðum, sem eru 4,0 tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt stæði, sem ætluð eru þessum stóru ökutækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra. Óheimilt er að geyma fylgihluti ökutækjanna á þessum sérstaklega afmörkuðu stæðum.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka gildi 20. mars 1999.

Ofangreindar reglur staðfestar.

*Seyðisfirði, 29. mars 1999.*

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði,

**Lárus Bjarnason.**